



## **Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2006-2007 27.3.2006 – 25.4.2007**

### **Níundi ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins**

Níundi ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins var haldinn þann 26. apríl 2006 í húsaáránum Samskipa. Samskip höfðu verið í sameiningarferli og flutt mismunandi starfsemi sína í stórt og glæsilegt hús í Sundahöfn. Fundarmenn fengu skemmtilega og áhugaverða kynningu á faglegum undirbúningi sameiningarinnar, sem stóð yfir í um tvö ár. Sagt var frá táknrænum flutningi í nýja húsið, þar sem mynduð var keðja með starfsmönnum og kassi selfluttur úr gamla húsinu í það nýja. Aðalfundur félagsins hófst síðan eftir góðar veitingar frá gestgjöfum.

### **Félagsstarfið starfsárið apríl 2006-apríl 2007**

Í félagaskrá á árinu 2006-2007 voru skráðir 82 félagar, þar af 12 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

Í stjórn Vinnuvistfræðifélagsins fyrir starfsárið 2006-2007 voru kosin:

Berglind Helgadóttir formaður (kosin til eins árs)

Haraldur A. Haraldsson, varaformaður (stjórnarseta 2004-2006, endurkjörinn til tveggja ára 2006)

Aðalheiður Sigurjónsdóttir gjaldkeri

Svava Jónsdóttir, ritari (stjórnarseta 2004-2006, endurkjörinn til tveggja ára 2006)

Ólafur Hjálmarsson, meðstjórnandi (stjórnarseta 2005-2007)

Varamenn

Hildur Friðriksdóttir

Hólmsfríður Erlingsdóttir

Skoðunarmenn

Björn Pálsson

Auður Ólafsdóttir

Í sumarbyrjun 2006 fékk Aðalheiður sig lausa úr stjórn Vinnís og í hennar stað kom Hildur Friðriksdóttir inn í stjórnina sem meðstjórnandi. Haraldur tók að sér gjaldkerastöðuna, Ólafur varaformannsstöðuna og Svava var áfram ritari stjórnar.

Haldnir voru 11 stjórnarfundir á starfsárinu.

Mikil vinna hefur verið lögð í að breyta og uppfæra heimasíðu félagsins. Spurningakönnun var send til félagsmanna áður er hafist var handa um breytingarnar. Svarhlutfallið var 51% og

helstu niðurstöður leiddu í ljós að margir félagsmenn vildu áframhaldandi þemafundi og töldu að mikilvægt hlutverk Vinnís fælist í því að vera grunnur fyrir samskipti og upplýsingar um vinnuvistfræði í samfélaginu. Sjá nánar á heimasíðu Vinnís ([www.vinnis.is](http://www.vinnis.is)).

Við uppfærslu á heimasíðunni var áhersla lögð á að upplýsingar væru aðgengilegar fötluðum. Félagsmaður mánaðarins er nýjung á síðunni. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn upplýsingar um efni, rannsóknir, greinar, menntunarmál, ráðstefnur o.fl.

Áhersla var lögð á að kynna og efla félagsins, bæði í fjölmiðlum og til félagasamtaka. Útvarps- og blaðaviðtöl voru um hlutverk og starfsemi félagsins og vinnuvistfræði sem faggrein. Kynningarbréf var sent til mismunandi faghópa og athygli vakin á félaginu og þverfalegum sjónarmiðum vinnuvistfræðinnar. Því miður bættust fáir í hópinn af nýjum félagsmönnum en við fengum a.m.k einhverja kynningu.

Í tengslum við Evrópsku vinnuverndarvikuna í október 2006, sem bar yfirskriftina „Örugg frá upphafi” sendi Vinnís bréf til menntamálaráðuneytisins í þeim tilgangi að fá stuðning og komast í tengsl við skólana. Tilgangurinn var að bjóða þeim upp á fyrirlestur og vekja athygli unglunga og ungs fólks á sambandi vinnu og heilsu og kynna fyrir þeim vinnuvistfræði og mikilvægi forvarna. Sérstaklega í ljósi þess að flestir unglingar vinna í skólafríum og fjölmargir vinna með skóla.

Einungis einn skóli tók þessu góða boði og bæði nemendur og kennarar sýndu efninu mikinn áhuga.

Tveir morgunverðarfundir hafa verið á starfsárinu. Sá fyrri fjallaði um vinnuvistfræði og flugöryggi / nytsemisfræði við hugbúnaðargerð, þar sem Tómas Davíð Þorsteinsson kynnti nám sitt í vinnuvistfræði og flugöryggi og hvernig það nýtist í starfi hans í dag sem gæðastjóri hjá Flugkerfum. Margrét Dóra Ragnarsdóttir BA í sálfræði og M.Sc. í tölvunarfræði kynnti hvernig vinnuvistfræðin tengist námi hennar og starfi. Hún hefur starfað sem nytsemissérfræðingur við hugbúnaðargerð síðan 1999 og kennir námskeiðið „Samskipti manns og tölvu” í tölvunarfræði í HÍ.

Seinni morgunverðarfundurinn var í samstarfi við Ljóstæknifélag Íslands og bar yfirskriftina „Hvernig gerum við opið rými að farsælum vinnustað?” Fundurinn var mjög vel sóttur en um 80 gestir lögðu leið sína í fyrirlestrasal OR.

Ásta Logadóttir, verkfræðinemi við Tækniháskólann í Danmörku (DTU) fjallaði um gæði lýsingar á skrifstofu. Ólafur Hjálmarsson, verkfræðingur Trivium ráðgjöf fjallaði um hljóðhönnun og menningu í opnum vinnurýmum. Erindi Björns Vignis Sigurpálssonar fréttaritstjóra Morgunblaðsins bar yfirskriftina frá opnum rýmum til opnari rýma. Að erindum loknum kynntu Ólafur Hjálmarsson hljóðhönnuður og Ólafur Þ. Hersisson arkitekt þeim sem höfðu áhuga á forsendur hönnunar í opnum rýmum húsnæðis Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórnin hefur hafið undirbúning að NES2008 - rástefnu sem haldin verður dagana 11.-13. ágúst 2008 á Íslandi. Skipað hefur verið í starfsnefndir fyrir ráðstefnuna. Einnig er hafinn undirbúningur á því að veita íslensk stúdentaverðlaun fyrir fagleg og vel unnin lokaverkefni á háskólastigi á sviði vinnuverndar. Verðlaunin verða ferð og þátttökugjald á hina árlegu ráðstefnu norrænu vinnuvistfræðisamtakanna NES. Hugmyndin er sú að sá sem vinnur íslensku verðlaunin sé sjálfkjörinn fulltrúi Íslands til norrænu stúdentaverðlaunanna sem veitt eru á hverri NES-ráðstefnunum.

## **Erlent samstarf**

### **Nordiska Ergonomi Sällskapet (NES).**

Fulltrúar Vinnís í stjórn NES hafa verið Berglind Helgadóttir og Svava Jónsdóttir. Frá áramótum 2006-2007 tók Ólafur Hjálmarsson við af Svövu sem fulltrúi Vinnís í stjórn NES. Svava varð ritari NES og Þórunn Sveinsdóttir tók við formennsku NES af Clas-Håkan Nygård. Berglind Helgadóttir er varaformaður NES.

Haustfundur stjórnar NES var haldinn helgina fyrir NES-ráðstefnuna 2006 í Hämeenlinna í Finnlandi dagana 23.-24. sept. 2006. Á fundinum var rætt um að komið væri að Íslandi að taka við formennsku í stjórn NES, en það embætti fer á milli landanna á þriggja ára fresti. Aðalfundur NES var haldinn í lok ráðstefnunnar. Vorfundur NES var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 30.3-1.4. og sóttu Berglind, Ólafur og Svava þann fund, Berglind stýrði fundinum í forföllum formanns.

Yfirskrift 38. NES-ráðstefnunnar var Promotion of Well-being in modern society. Ráðstefnan gekk vel, þátttakendur voru um 150 manns. Ekki er búið að skila lokauppgjöri enn, en gert er ráð fyrir að hún hafi staðið ágætlega undir sér.

**39. NES ráðstefnan** verður haldin í Lysikil í Svíþjóð dagana 1.-3. okt. 2007. Yfirskrift ráðstefnunnar er **Ergonomics for a future** (<http://www.nordiskergonomi.org>).

### **Af stjórnarstörfum NES**

Farið var yfir ársskýrslur landanna og upplýsingum miðlað. Rætt var um hvaða áherslur skuli vera á ráðstefnunum þannig að þær vekji áhuga bæði rannsakenda og annarra fagaðila í vinnuvernd og að þeir sjái sér hag í að sækja ráðstefnurnar. Markmiðið með NES-ráðstefnunum er meðal annars að auka samskipti milli þessara aðila og að þær þjóni báðum hópunum.

NES ráðstefnurnar eru haldnar til skiptis í þátttökulöndunum og er komið að Íslandi að halda ráðstefnuna árið 2008.

**IEA2006. 16. heimsþing alþjóðlegu vinnuvistfræðisamtakanna** (International Ergonomics Association) var haldin 10.-14. júlí 2006 í Maastricht. [www.iea2006.org](http://www.iea2006.org)

### **Að lokum**

Stjórn Vinnís þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfi starfsársins 2006-2007 og stefnir að enn öflugra félagsstarfi á komandi ári. Markmiðið er að félagsmenn taki þátt í að halda heimasíðunni lifandi og faglegri, þannig að erindi verði send inn til birtingar. Til að gera faglega og flotta rástefnu 2008 þurfum við samstarf og stuðning félagsmanna.

Reykjavík 23/4 2007

Stjórn Vinnís